

Ákvörðun nr. 15/2025
Föstudagurinn, 2. maí 2025

Kaup Sameinaða útgáfufélagsins ehf. á fjölmiðlarekstri Sólartúns ehf. (Mannlíf)

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Sameinaða útgáfufélagsins ehf. („SÚ“) á tilteknum eignum Sólartúns ehf., einkum fjölmiðlinum Mannlíf („Mannlíf“). Líkt og nánar er rökstutt telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæður til íhlutunar vegna samrunans.
2. Þann 10. mars 2025 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna fyrirhugaðra kaupa SÚ á Mannlíf, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 62. gr. b fjölmiðlalaga nr. 38/2011. Með tölvupósti Samkeppniseftirlitsins þann 19. mars 2025 voru gerðar athugasemdir við tilkynninguna og hún metin ófullnægjandi. Uppfærð samrunaskrá barst Samkeppniseftirlitinu þann 21. mars 2025. Með tölvupósti 24. mars 2025 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunaskráin teldist fullnægjandi og að frestir til rannsóknar samrunans hafi tekið að líða sama dag.
3. Samrunaaðilar óskuðu eftir undanþágu frá framkvæmd samruna. Með bréfi, dags. 26. mars 2025 var samrunaaðilum tilkynnt að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði fyrir veitingu undanþágu frá kyrrstöðuskyldu væru uppfyllt. Var umræddri beiðni því hafnað.
4. Þann 24. mars 2025 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir umsögn Fjölmiðlanefndar í samræmi við 8. mgr. 62. gr. b laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Umsögn nefndarinnar barst 11. apríl 2025. Þá aflaði Samkeppniseftirlitið einnig tiltekinna upplýsinga hjá samrunaaðilum, og byggði á fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum um starfsemi aðila og viðkomandi markaði.

I. Samruninn

5. Samruninn felst í því að SÚ kaupir Mannlíf og annan fjölmiðlarekstur Sólartúns, s.s. útgáfu miðlanna Vins og matar, ef frá er talin útgáfa blaðsins og hlaðvarpsins Sjóarans.
[
]¹
6. Samkvæmt ákvæði 17. gr. samkeppnislaga og 62. gr. b. fjölmiðlalaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar. Samkeppniseftirlitið telur að teknu tillit til veltu samrunaaðila að í kaupum SÚ á Mannlífi felist samruni í skilningi samkeppnislaga og fjölmiðlalaga, hann sé tilkynningarskyldur, sbr. 62. gr. b. fjölmiðlalaga.

¹ Trúnaðarmál



7. Um samrunaaðila er fjallað í samrunaskrá. Sameinaða útgáfufélagið ehf. (SÚ) varð til við samruna Útgáfufélags Stundarinnar ehf. og Kjarnans miðla ehf. í upphafi árs 2023 er miðlar félaganna sameinuðust undir merki Heimildarinnar. SÚ er fjölmiðlaveita í skilningi 2. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla (fml.). Tilgangur félagsins er rekstur fjölmiðla og útgáfustarfsemi. SÚ heldur einkum úti fjölmiðlinum Heimildinni, bæði á vefsíðunni heimildin.is og gefur út prentmiðil undir sama heiti. SÚ gefur jafnframt út Vísbendingu, sem er vikurit um viðskipti og efnahagsmál. Þá framleiðir SÚ þætti sem eru aðgengilegir á vef félagsins og á hlaðvarpsveitum. Í ársbyrjun 2025 voru hluthafar 23 að tölu auk félagsins sjálfs. Enginn einn hluthafi fer með meira en 10% hlut.
8. Sólartún (áður Ólafstún) er einkahlutafélag sem var stofnað árið 2007. Starfsemi félagsins felst rekstri fjölmiðla og útgáfustarfsemi. Félagið heldur úti vefmiðlinum mannlif.is ásamt því að gefa út tímaritið Mannlíf auk sértímarita. Félagið er fjölmiðlaveita í skilningi 2. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Hluthafar eru tveir.

II. Markaðir málsins

9. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga og 62. gr. b. fjölmiðlalaga þarf að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
10. Við skilgreiningu markaða í samrunamálum er m.a. unnt að hafa hliðsjón af fordæmum í innlendri lagaframkvæmd og í EES/ESB-samkeppnisrétti, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 277/2012, Stjórnugrís hf. og Arion banki hf. gegn Samkeppniseftirlitinu. Hins vegar verður ávallt að meta hvort aðstæður á markaði séu hinar sömu og í eldra máli. Þá liggur fyrir í samkeppnisrétti að, eðli málsins samkvæmt, geta markaðsskilgreiningar í eldri málum ekki skapað fyrirtækjum lögmætar væntingar.
11. Í samrunaskrá kom fram að aðalstarfsemi samrunaaðila fælist í rekstri fjölmiðla og útgáfustarfsemi.
12. Þá var bent á að samkeppnisyfirvöld hér á landi hefðu í fyrri úrlausnum sínum skilgreint markaði fyrir rekstur fjölmiðla, sbr. t.d. ákvörðun nr. 22/2006 og nr. 12/2005. Þá hefðu samkeppnisyfirvöld talið að markaður fyrir rekstur fjölmiðla skiptist í undirmarkaði eftir tegundum fjölmiðla, t.a.m. útvarp, sjónvarp, dagblöð og vefmiðla, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 16/2013.
13. Að mati samrunaaðila væri því skilgreining markaðarins í þessu máli rekstur fjölmiðla, sbr. m.a. ákvörðun nr. 24/2016. Til nánari afmörkunar þá kom fram af hálfu samrunaaðila að þeir starfi einkum á markaði fyrir útgáfu vefmiðla og markaði fyrir sölu auglýsinga, auk markaðar fyrir útgáfu dagblaða. Vísað var sérstaklega til ákvörðunar eftirlitsins nr. 23/2020 af hálfu þeirra um nánari afmörkun. Jafnframt var vísað til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 2/2023 um þann samruna sem myndaði SÚ.



14. Um landfræðilegan markað tóku samrunaaðila fram starfsemi þeirra færi einungis fram hértendis en afmarkist ekki við ákveðna landshluta. Hinn landfræðilegi markaður væri því Ísland og þá allir landshlutar. Í því sambandi vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 2/2023 sem áður er getið.
15. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við skilgreiningu markaða af hálfu samrunaaðila, þ.e. að samruninn varði helst fjölmiðlamarkaði og þá undirmarkaði fyrir útgáfu dagblaða, útgáfu vefmiðla og svo markaði fyrir sölu auglýsinga sem síðan má eftir atvikum skipta nánar eftir tegund eða birtingarleið auglýsinga. Þó tekur Samkeppniseftirlitið ekki formlega afstöðu til markaðsskilgreininga í málinu þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu þess, sbr. nánar hér á eftir um áhrif samrunans.

III. Áhrif samrunans á samkeppni, fjölraði og fjölbreytni

16. Í þessu máli eru kaup SÚ á fjölmiðlarekstri Sólartúns, einkum Mannlífi tekin til skoðunar, einkum á grundvelli fjölmiðlalaga. Því þarf að taka afstöðu til þess hvort samruni þessi hindri virka samkeppni, sbr. 1. mgr. 17. gr. c. samkeppnislaga, og hvort samruninn hafi skaðleg áhrif á fjölbreytni og fjölraði í fjölmiðlun, sbr. 8. mgr. 62. gr. b. fjölmiðlalaga.²
17. Í þessum hluta ákvörðunarinnar verður fyrst fjallað um sjónarmið samrunaaðila hvað varðar möguleg áhrif samrunans bæði á samkeppni og fjölbreytni í fjölmiðlaumhverfinu. Þá næst verður fjallað um umsögn Fjölmiðlanefndar vegna samrunans og að lokum niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um áhrif samrunans og lögmæti hans.
18. Í samrunaskrá samrunaaðila segir að ekki liggi fyrir nákvæmar tölur um umfang innlends fjölmiðlamarkaðar. Þó er vísað til samantektar Hagstofunnar sem var birt þann 24. janúar 2024 vef stofnunarinnar þar sem segir samanlagðar tekjur fjölmiðla árið 2022 hafi numið rúmlega 29 milljörðum króna. Þar af hafi tekjur af notendum verið 17 milljarðar kr. en af auglýsingum um 12 milljarðar kr. Þá segir að miðað við samanlagða veltu samrunaaðila í kringum 500 millj. kr. árið 2023 er markaðshlutdeild samrunaaðila m.t.t. veltu einungis rúmlega eitt og hálft prósent (1,7%).
19. Þá kemur fram af hálfu samrunaaðila að helstu keppinautar samrunaaðila á markaði fyrir útgáfu vefmiðla séu mbl.is, visir.is, dv.is, ruv.is, frettabladid.is og vb.is. Samkvæmt mælingu Gallup um daglegan lestur vefmiðla árið 2019 sem Samkeppniseftirlitið vísaði til í ákvörðun sinni nr. 23/2020 (Tafla 1) var meðal dagleg „dekkun“ á vefmiðli SÚ, þá Stundarinnar, 6,9%, en Mannlíf var ekki mælt. Að mati samrunaaðila sýni þetta að markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim markaði sé smávægileg.
20. Jafnframt vísa samrunaaðilar til þess að á markaði fyrir sölu auglýsinga í vefmiðlum séu keppinautar samrunaaðila Fjölmiðlatorgið ehf. (dv.is), Árvakur (mbl.is), Sýn (visir.is), Fótbolti.net, Myllusetur (vb.is), Víkurfréttir (vikurfrettir.is), Birtingur (birtingur.is) og Bæjarins besta (bb.is). Samkvæmt Töflu 2 í ákvörðun nr. 23/2020 náði markaðshlutdeild hvorugs þeirra aðila sem

² Hugtökin fjölbreytni og fjölraði eru ekki skilgreind í fjölmiðlalögum en í greinargerð með lögum nr. 54/2013 sem breyttu fjölmiðlalögum kemur m.a. eftirfarandi fram: „Með hugtakinu fjölraði í fjölmiðlun er þannig vísað til þess að fjölmiðlar séu ekki undir yfirráðum fárra aðila. Dreift eignarhald á fjölmiðlum er talið tryggja betur að ritstjórnarefni fjölmiðla endurspegli ólík sjónarmið. Hugtakið fjölbreytni í fjölmiðlun hefur margháttaða merkingu og vísar jafnt til þess að fjölbreytt efni sé í boði, að það efni og sjónarmið sem fram kemur sé fjölbreytt og sett fram á ólíkan hátt fyrir notendur, að mismunandi hópar og einstaklingar samfélagsins fái notið sín í fjölmiðlum og höfðað sé til þeirra með fjölbreyttum hætti, og að efni frá ólíkum landsvæðum nái jafnframt til annarra landsvæða en þar sem það er framleitt. Fjölbreytni að þessu leyti felur bæði í sér að í boði sé margbreytilegt efni, svo sem fréttir, menningarefni, fræðsluefni, íþróttir o.fl., og að efnistöð endurspegli fjölbreytt viðhorf.“ Um nánari umfjöllun um ákvæði 17. gr. c. samkeppnislaga og 62. gr. b. fjölmiðlalaga má t.d. vísa til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2019, Kaup Árvakurs hf. og 365 miðla hf. á Póstmiðstöðinni ehf.



mynduðu SÚ, Stundin og Kjarninn, 5%. Markaðshlutdeild SÚ sé því fremur lítil og Mannlífs enn minni sé höfð hliðsjón af veltu Sólartúns ehf. af rekstri Mannlífs.

21. Að lokum vísa samrunaaðilar til þess að á markaði fyrir útgáfu dagblaða séu keppinautar samrunaaðila á markaði Árvakur, Birtingur, Myllusetur og Víkurfréttir. Samkvæmt umfjöllun Samkeppniseftirlitsins í fyrrnefndri ákvörðun náði markaðshlutdeild SÚ, þá Stundarinnar, ekki 5% en Mannlíf starfar ekki á þeim markaði. Að vísu hafi Fréttablaðið horfið af markaði en samruninn hafi eftir sem áður engin áhrif á þennan markað.
22. Af framangreindu telja samrunaaðilar nægilega ljóst að staða hins sameinaða fyrirtækis miðað við daglega dekkun annars vegar og auglýsingatekjur hins vegar að staða SÚ verði víðs fjarri því að geta talist markaðsráðandi eða að markaðsráðandi staða myndist við það að taka við rekstri Mannlífs. Samruninn raski samkeppni ekki heldur að öðru leyti með umtalsverðum hætti að mati samrunaaðila.
23. Varðandi áhrif samrunans á fjölræði og fjölbreytni í skilningi fjölmiðlalaga segir í samrunaskrá að SÚ hafi getið sér gott orð fyrir vandaðan fréttáflutning, ítarlegar fréttaskýringar og rannsóknarblaðamennsku. Mannlíf sé hins vegar léttur en beittur vefmiðill sem flytji fréttir af málefnum líðandi stundar. Samrunaaðilar byggja á því með samrunanum verði styrkari stoðum skotið undir fjölmiðlarekstur SÚ sem standi að óháðri, vandaðri og gagnrýnni og uppbyggilegri blaðamennsku og bjóði upp á gott starfsumhverfi. Með kaupum SÚ á Mannlífi standi til að breikka efnistöð, gera þau enn áhugaverðari og skemmtilegri, og fjölga leiðum sem efni er miðlað eftir. Sameining miðlanna hafi í för með sér að aukið afl sé lagt í hverja umfjöllun. Í höndum SÚ aukist geta Mannlífs til að bjóða upp á innihaldsríkar og vel unnar fréttir.
24. Varðandi áhrif samrunans á fjölræði segja aðilar í samrunaskrá að með samrunanum verði engin samþjöppun á eignarhaldi í fjölmiðlum almennt. Hluthafar í Sólartúni séu jafnframt hluthafar í SÚ og eignarhlutur þeirra í síðarnefnda félaginu haldist óbreyttur. Eignarhald verði því eftir sem áður mjög dreift og fjölbreytt. Breyting á fjölræði vegna samrunans sé því engin að þessu leyti og aðrir ótengdir sterkir fjölmiðlar munu áfram vera starfandi á markaðnum.
25. Að mati samrunaaðila sé fyrirhugaður samruni þvert á móti til þess fallinn að auka og styrkja samkeppni á hérlandum fjölmiðlamarkaði við krefjandi markaðsaðstæður auk þess sem SÚ verði betur í stakk búið að mæta alþjóðlegri samkeppni frá erlendum frétt- og afþreyingarmiðlum að mati samrunaaðila.

1.1. Umsögn Fjölmiðlanefndar um áhrif samrunans

26. Í umsögn Fjölmiðlanefndar vegna samrunans dags. 11. apríl 2025 kemur fram að kaup SÚ á stærstum hluta fjölmiðlareksturs Sólartúns ná til markaðar fyrir fjölmiðlun á netinu og prentmiðlamarkaðar (dagblöð og tímarit). Bæði félögin afli sér tekna með sölu auglýsinga og auk þess afli SÚ sér áskriftartekna. Hvorki SÚ né Sólartún séu í markaðsráðandi stöðu á þeim mörkuðum sem félögin starfa á að sögn Fjölmiðlanefndar.
27. Ljóst sé að vefmiðlar samrunaaðila og prentmiðillinn Heimildin hafa samanlagt umtalsverða útbreiðslu hér á landi og ná til fjölda lesenda. Þá sé innihald og útbreiðsla miðlanna til þess fallin að þeir geti haft skoðanamótandi áhrif á almenningsálit og stjórnmálaumræðu. Þannig eru líkur á því að áhrifamáttur þeirra fjölmiðla sem eiga í hlut sé og verði áfram umtalsverður að mati Fjölmiðlanefndar.
28. Hvað varðar mat á því hvort fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði kunni að skaðast við samrunann skiptir máli hvernig starfsemi þeirra fjölmiðla sem séu hluti af samrunanum verði háttað til



fram tíðar og hver samlegðaráhrifin verði. Fjölmiðlanefnd telur að starfsemi SÚ og Sólartúns skarist, bæði á markaði fyrir vefmiðla og á markaði fyrir auglýsingar á vefmiðlum. Jafnframt skarast starfsemin að einhverju leyti á markaði fyrir prentmiðla og fyrir auglýsingar í prentmiðlum en hafa ber í huga að óljóst sé hvort útgáfu tímarita, eins og tímarits Mannlífs, verði haldið áfram ef af samrunanum verður, eins og fjallað hefur verið um.

29. Samkvæmt yfirlýsingu SÚ, sem birtist í desember 2024 og fjallað var um í fjölmiðlum, og upplýsingum frá Samkeppniseftirlitinu standi ekki til að sameina ritstjórnir fjölmiðlanna og þannig fyrirhugað að ritstjórnir verði aðskildar og ritstjórnarstefnur ólíkar. Muni áætlanir ekki breytast að þessu leyti telur Fjölmiðlanefnd að samruninn muni ekki draga úr fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Sameining ritstjórna hefði það hins vegar í för með sér að sjálfstæðum fréttaritstjórnnum á fjölmiðlamarkaði hér á landi myndi fækka um eina. Að mati Fjölmiðlanefndar kunni sameining ritstjórna að draga úr fjölbreytni en nefndin telur þó ekki að þau áhrif muni hafa eiginleg skaðleg áhrif á fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði svo áhrif hafi á úrlausn samrunans.
30. Hvað áhrif á fjölræði á fjölmiðlamarkaði varðar kemur fram í samrunaskrá að eignarhald SÚ verði áfram dreift og fjölbreytt. Hluthafar í SÚ séu 23 og þar af eigi eigendur Sólartúns, þeir Reynir Traustason (í gegnum Góðan punkt ehf.) og Höskuldur Höskuldsson, sem báðir eiga helmingshlut í Sólartúni, hvor um lítinn hlut í SÚ. Að mati Fjölmiðlanefndar feli fyrirhugaður samruni þannig ekki í sér samþjöppun á fjölmiðlamarkaði sem áhrif hafi á fjölræði. Við það mat þurfi að hafa í huga að hvorki SÚ né Sólartún séu markaðsráðandi á þeim mörkuðum sem félögin starfi á að sögn Fjölmiðlanefndar.
31. Fjölmiðlanefnd sé lögum samkvæmt ætlað að stuðla að fjölbreytni og fjölræði á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Mikilvægt sé að á íslenskum markaði séu öflugir og sjálfstæðir fjölmiðlar sem miðla fjölbreyttu efni, þar sem ólíkum sjónarmiðum sé haldið á lofti. Að sama skapi sé mikilvægt að landsmönnum standi til boða vandað fréttafni á íslensku þar sem leitast sé við að greina íslenskt samfélag og setja innlendar og erlendar fréttir í samhengi fyrir almenning hér á landi. Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að kaup SÚ á stærstum hluta fjölmiðlareksturs Sólartúns hafi hvorki skaðleg áhrif á fjölræði né fjölbreytni í fjölmiðlun á þeim mörkuðum sem viðkomandi fjölmiðlaveitur starfa á í skilningi 8. mgr. 62. gr. b. laga um fjölmiðla.

1.2. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um áhrif samrunans

32. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, meðfylgjandi gagna og annarra aðgengilegra upplýsinga um rekstur og samkeppnisumhverfi fjölmiðla hérlandis, auk umsagnar Fjölmiðlanefndar sem aflað var eins og áður sagði og þegar hefur verið reifuð, dags. 11. apríl 2025. Með vísan til umsagnar og niðurstöðu Fjölmiðlanefndar telur Samkeppniseftirlitið rétt að taka undir og leggja til grundvallar að samruninn hafi ekki skaðleg áhrif á fjölræði og fjölbreytni fjölmiðla í skilningi 8. mgr. 62. gr. b. fjölmiðlalaga, svo íhlutunar eða frekari rannsóknar sé þörf af þeirri ástæðu. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum eru heldur ekki vísbendingar um að samruninn styrki markaðsráðandi stöðu eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið hvorki forsendur til íhlutunar í máli þessu né ástæðu til frekari rannsóknar á samrunanum og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.



IV. Ákvörðunarorð:

„Kaup Sameinaða útgáfufélagsins ehf. á fjölmiðlarekstri Sólartúns ehf. felur í sér samruna í skilningi fjölmiðlalaga og samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson